

49. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum

Lundarseli og á lóð Lundarskóla 5. mars 2014 kl. 16.00

Mættir: Þorberg og Svala. Gestur fundarins var Elías Gunnar Þorbjörnsson skólastjóri Lundarskóla.

Umhverfisátak 2014

Ræddum fjárveitingar vegna umhverfisátaks 2014. Þar sem við höfum verið í sambandi við skólaráð Lundarskóla var ákveðið að mæla okkur mót við Elías Gunnar skólastjóra Lundarskóla og ræða við hann um stöðuna. Við hittum Elías Gunnar á lóð Lundarskóla og ýmsar vangaveltur og hugmyndir ræddar. Erum sammála um að svæðið í kringum skólann sé að ýmsu leyti vanfrágengið og ákveðið að leggja áherslu á þetta svæði í umhverfisátakinu. Þau atriði sem koma til greina eru m.a.:

- Frágangur á lóð vestan við skólann.
- Blakvöllurinn þarfnast breytinga
- Skotið á milli almanna mætti gera meira úr.
- Veltum fyrir okkur svæðinu þar sem skúrarnir eru núna þar sem þeir eiga að fara í vor/sumar. Setjum samt smá spurningamerki við planið þar, þar sem við gerum fastlega ráð fyrir að gengið verði frá plani á sómasamlegan hátt þegar skúrar verða fjarlægðir. En upp kom hugmynd að góðum körfuboltavelli þar.

Elías Gunnar yfirgaf okkur um kl. 17.00 og þökkðuðum við honum fyrir hans innlegg í umræðuna.

Færðum okkur inn í Lundarsel og héldum áfram fundi. Ræddum ýmsa kosti og reyndum að sjá fyrir okkur hvar mesta þörfin gæti verið út frá börnum og öðrum íbúum í hverfinu. Gerðum drög að tillögum og stefnum að því að vera búin að senda þær inn fullkláraðar til framkvæmdaráðs 10. mars 2014.

Önnur Mál

- Höfum ekkert heyrt frá skipulagsráði né framkvæmdaráði vegna athugasemda sem við sendum inn í febrúar vegna Dalsbrautar. Ákváðum að gefa þeim örlítið meiri tíma áður en við færum að reka á eftir svörum.

Fundi slitið kl. 17.45

Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir